

# Stofnskrá Byggðasafns Reykjanesbæjar

## I kafli

### Um stjórnun safnsins og verkefni þess

#### 1. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar, heimili þess er í Reykjanesbæ. Menningar- íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar er stjórnarnefnd safnsins og gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn safnsins er að öðru leyti í höndum forstöðumanns safnsins. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert.

#### 2. gr.

Byggðasafn Reykjanesbæjar starfar í almannabágu, samkvæmt samþykktum bæjaryfirvalda og landslögum, s.s. gildandi lögum um söfn; safnalög, þjóðminjalög, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

#### 3. gr

Helstu verkefni Byggðasafns Reykjanesbæjar eru:

1. Að safna, skrá og varðveita muni og myndir sem varpa ljósi á sögu og menningu bæjarfélagsins.
2. Að rannsaka eftir föngum menningu og sögu bæjarfélagsins
3. Að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, m.a. með sýningahaldi, fyrirlesturum, leiðsögn um safnið, útgáfu eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni
4. Að veita ráðgjöf um meðferð og varðveislu menningarminja (muna og mynda) í eigu bæjarfélagsins.

#### 4. gr.

Byggðasafnið skal verið opið almenningi á auglýstum tímum.

Safnið og starfsemi þess skal eftir því sem kostur er kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld í Reykjanesbæ. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum eftir því sem kostur er.

#### 5. gr.

Ráðning forstöðumanns safnsins fer fram skv starfsmannastefnu Reykjanesbæjar. Forstöðumaður skal hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á menningarsögu og starfsemi safna og stjórnun. Starfið skal auglýst samkvæmt samþykktum og hefðum Reykjanesbæjar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann ber ábyrgð á faglegum rekstri safnsins, vinnur að almennri stefnumótun og sértækri stefnumótun til samþykktar hjá

stjórnarnefnd safnsins, þ.e. söfnunar-, rannsóknar- og miðlunarstefnu safnsins og útlánareglum. Hann sér um framkvæmd ákvarðana stjórnarnefndar safnsins og bæjaryfirvalda. Hann semur verklagsreglur og fylgir þeim eftir, skipuleggur sýningar safnsins og aðra faglega starfsemi.

6.gr

Um skiptingu höfundarréttar mynda skv. Höfundarlögum skal samið við rétthafa hverju sinni. Byggðasafn Reykjanesbæjar skal sjá um eða heimila gerð stækkana eftir myndefni og innheimtu birtingargjalds f.h. rétthafa.

7.gr.

Safngripir safnsins skulu ætíð varðveittir í safninu, á sýningum þess eða í tryggum geymslum á vegum þess. Forstöðumanni er þó heimilt að lána einstaka safngripi úr safninu um takmarkaðan tíma, samkvæmt útlánareglum safnsins.

## II kafli

### Um aðföng og gjafir

8.gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir í samræmi við söfnunarstefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf, undirritað af gefanda.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

## III kafli

### Heimildir til samstarfs

9.gr.

Heimilt er að stofna styrktafélag (eitt eða fleiri) við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætlað til starfsemi safnsins í fjárhagáætlun bæjarins.

10.gr.

Forstöðumanni er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn innanlands sem utan eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varða safnið.

## IV kafli

### Um lokun safnsins og gildistíma

11.gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur safnkostur safnsins til Þjóðminjasafns Íslands en aðrar eigur til bæjarins.

12.gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykkt stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að endurskoða hana enda eru þær breytingar samþykktar af meirihluta stjórnarnefndar safnsins.

*Samþykkt í Menningar-, íþróttá- og tómstundaráði 10. október 2004.*

Gunnar Oddsson, formaður.